

8. janúar 1999

9

Nr. 4

Reykjavík, 7. október 1998.

Reykjavík, 7 October 1998

Fyrir hönd sendinefndar Íslands:  
Eiður Guðnason

For the Delegation of Iceland:  
Eiður Guðnason

Fyrir hönd sendinefndar  
Rússneska sambandsríkisins:  
Vladimir V. Sokolov

For the Delegation  
of the Russian Federation:  
Vladimir V. Sokolov

26. febrúar 1999

Nr. 5

## AUGLÝSING

### um samning um heimssýningar.

Hinn 22. janúar 1999 var franska utanríkisráðuneytinu afhent aðildarskjal Íslands vegna samnings um heimssýningar sem undirritaður var í París 22. nóvember 1928 og aukið var við með bókunum frá 10. maí 1948, 16. nóvember 1966 og 30. nóvember 1972 og breytingum frá 24. júní 1982 og 31. maí 1988. Samningurinn öðlaðist gildi að því er Ísland varðar sama dag.

Samningurinn liggur frammi í utanríkisráðuneytinu þar sem hægt er að fá aðgang að honum. Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytinu, 26. febrúar 1999.*

**Halldór Ásgrímsson.**

*Helgi Ágústsson.*

26. febrúar 1999

Nr. 6

## AUGLÝSING

### um gildistöku samnings um baráttu gegn mútugreiðslum til erlendra opinberra starfsmanna í alþjóðlegum viðskiptum.

Samningur um baráttu gegn mútugreiðslum til erlendra opinberra starfsmanna í alþjóðlegum viðskiptum, sem gerður var í París 17. desember 1997, öðlaðist gildi 15. febrúar 1999, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 20/1998 þar sem samningurinn er birtur.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytinu, 26. febrúar 1999.*

**Halldór Ásgrímsson.**

*Helgi Ágústsson.*